

Lyfjastofnun
08 317

Ársreikningur 2020

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Lyfjastofnun

kt. 670900-2740

Vínlandsleið 14, 113 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Lyfjastofnun heyrir undir velferðarráðuneytið. Helsta hlutverk hennar er að skrá lyf á Íslandi í samvinnu við lyfjafirvöld á EES, hafa eftirlit með lyfjaiðnaðinum á Íslandi og tryggja faglega og hlutlausa upplýsingagjöf.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 32 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2020 var ársveltan kr. 1.104,8 milljónir og afkoma kr. 10,2 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 289,1 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 853,1 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2020 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Lyfjastofnunar í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Lyfjastofnunar fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Rúna Hauksdóttir Hvannberg

Pórhallur Hákonarson

Forstjóri

Sviðsstjóri fjármála- og rekstrarsviðs

(Undirritun rafrænt)

(Undirritun rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	325.400.000	285.300.000
Aðrar tekjur		544.999.866	405.705.312
Seld þjónusta	3	184.667.675	156.669.197
Vörusala		88.165	195.580
Framlög og ýmsar tekjur	4	38.174.082	50.326.980
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	11.503.491	7.597.683
Tekjur samtals		1.104.833.279	905.794.752
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	853.425.766	696.684.013
Annar rekstrarkostnaður	6	229.577.592	209.241.323
Afskriftir	7	11.503.491	7.597.683
Gjöld samtals		1.094.506.849	913.523.019
Afkoma fyrir fjármagnsliði		10.326.430	(7.728.267)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		99.006	19.646
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(229.214)	(265.850)
		(130.208)	(246.204)
Afkoma ársins		10.196.222	(7.974.471)

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr	31.12.2020	31.12.2019
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður		46.668.252	21.694.751
Aðrar eignir		400.000	400.000
Fastafjármunir samtals		<u>47.068.252</u>	<u>22.094.751</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		117.660.522	67.502.592
Tengdir aðilar	9	685.980.656	665.125.662
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		2.382.194	3.002.649
Veltufjármunir samtals		<u>806.023.372</u>	<u>735.630.903</u>
Eignir samtals		<u>853.091.624</u>	<u>757.725.654</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	10		
Hrein eign		289.144.306	278.948.084
Eigið fé samtals		<u>289.144.306</u>	<u>278.948.084</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	9	0	2.645.053
Viðskiptaskuldir		458.619.488	384.770.147
Ýmsar skammtímaskuldir	11	96.421.236	77.652.285
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	12	8.906.594	13.710.085
Skuldir samtals		<u>563.947.318</u>	<u>478.777.570</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>853.091.624</u>	<u>757.725.654</u>
Aðrar upplýsingar	13		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		10.196.222	(7.974.471)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	11.503.491	7.597.683
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(11.503.491)	(7.597.683)
		<u>10.196.222</u>	<u>(7.974.471)</u>
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(49.537.475)	(5.975.900)
Tengdir aðilar		(53.277.039)	(137.557.220)
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		92.618.292	151.507.591
		<u>(10.196.222)</u>	<u>7.974.471</u>
		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>0</u>	<u>0</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	8	(36.476.992)	(11.339.452)
		<u>(36.476.992)</u>	<u>(11.339.452)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Fjárfestingarframlag		36.476.992	11.339.452
		<u>36.476.992</u>	<u>11.339.452</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		0	0
Handbært fé í byrjun árs		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé í árslok		<u>0</u>	<u>0</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin (að öðru leyti en við mat á sem xxx sem byggir á núvirtu framtíðarfjárflæði þeirra).

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Aðrar eignir	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2020	2019
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	325.400.000	285.300.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	11.503.491	7.597.683
	<u>336.903.491</u>	<u>292.897.683</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	317.100.000	0	0	317.100.000
Fjáraukalög	8.300.000	0	0	8.300.000
Fjárveiting til tekna	325.400.000	0	0	325.400.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum	(315.203.778)	0	0	(315.203.778)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	10.196.222	0	0	10.196.222

	2020	2019
3 Seld þjónusta		
Sérfræðiþjónusta	182.210.036	152.750.780
Veitinga- og gistipjónusta	2.457.639	3.918.417
	<u>184.667.675</u>	<u>156.669.197</u>

4 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur	1.618.645	1.574.164
Kostnaðarhlutdeild	2.926.965	2.311.025
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	32.630.604	40.279.775
Ýmsar tekjur	997.868	6.162.016
	<u>38.174.082</u>	<u>50.326.980</u>

5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	670.300.612	554.209.049
Orlof, breyting	21.286.760	7.685.487
Önnur launagjöld, ótalin annars staðar	0	0
Launatengd gjöld	148.475.307	124.348.219
Starfsmannakostnaður	13.363.087	10.441.258
	<u>853.425.766</u>	<u>696.684.013</u>

Meðalfjöldi stöðugilda	68,8	59,5
------------------------------	------	------

Skýringar

	2020	2019
6 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	465.657	462.974
Byggingarvörur, almennar	1.435	0
Ýmis tæki og áhöld	4.430.823	2.073.891
Varahlutir og viðhaldsvörur	36.293	0
Orkugjafar	1.458.690	1.937.834
Matvæli	8.328.344	13.082.485
Almennar rekstrarvörur	1.524.612	906.862
Vörukaup, almenn	16.245.854	18.464.046
Kennslu- og fönðurvörur	0	8.240
Ýmsar sérgreindar vörur	26.279	0
Vörukaup, sérgreind	26.279	8.240
Fundir, námskeið, risna	5.240.755	2.656.479
Ferðir, uppihald	7.266.370	28.920.736
Akstur	576.961	1.083.718
Sérfræðiþjónusta	95.483.591	69.263.059
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	875.301	1.064.356
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	7.570.022	4.011.233
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	3.823.545	3.083.958
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	120.836.545	110.083.539
Afnotagjöld	30.750.033	21.107.003
Leigugjöld	31.873.230	31.122.026
Notkun véla og flutningatækja	195.900	566.963
Verkkaup	24.384.050	20.471.492
Kostnaðarhlutdeild	2.181.519	1.125.983
Tryggingar, lögboðnar	314.350	298.576
Opinber gjöld	2.533	0
Tilfærslur	461.471	120.000
Tapaðar kröfur	2.305.828	5.851.673
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	92.468.914	80.663.716
Annar rekstrarkostnaður samtals	229.577.592	209.241.323
	2020	2019
7 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	11.503.491	7.597.683
	11.503.491	7.597.683

Skýringar

8 Varanlegir rekstrarfjármunir

	2020	2019
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	46.668.252	21.694.751
Aðrar eignir	400.000	400.000
	<u>47.068.252</u>	<u>22.094.751</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2020:

	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 1.1.2020	46.505.408	400.000	46.905.408
Viðbætur á árinu	36.476.992	0	36.476.992
	<u>82.982.400</u>	<u>400.000</u>	<u>83.382.400</u>
Afskriftir 1.1.2020	24.810.657	0	24.810.657
Afskrift ársins	11.503.491	0	11.503.491
	<u>36.314.148</u>	<u>0</u>	<u>36.314.148</u>
Staða 31.12.2020	<u>46.668.252</u>	<u>400.000</u>	<u>47.068.252</u>

9 Tengdir aðilar

	31.12.2020	31.12.2019
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
<i>Kröfur á tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð	685.980.656	665.125.662
	<u>685.980.656</u>	<u>665.125.662</u>
<i>Skuldir við tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð	0	2.645.053
	<u>0</u>	<u>2.645.053</u>

10 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2020	31.12.2019
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	278.948.084	286.922.555
Afkoma ársins	10.196.222	(7.974.471)
Jöfnuður 31.12.	<u>289.144.306</u>	<u>278.948.084</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

Skýringar

	31.12.2020	31.12.2019
11 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	94.445.163	73.158.403
Ógreidd laun	0	3.482.881
Önnur ógreidd gjöld	1.976.073	1.011.001
	<u>96.421.236</u>	<u>77.652.285</u>

12 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2020	31.12.2019
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	47.068.252	22.094.751
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga)	(38.161.658)	(8.384.666)
	<u>8.906.594</u>	<u>13.710.085</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2020	22.094.751	(8.384.666)	13.710.085
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	6.700.000	6.700.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	36.476.992	(36.476.992)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(11.503.491)	0	(11.503.491)
	<u>47.068.252</u>	<u>(38.161.658)</u>	<u>8.906.594</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2020 munu kr. 11,4 milljónir koma til tekna á árinu 2021.

13 Aðrar upplýsingar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði og þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 31,2 milljónum og vegna þjónustu- og vörslusamninga kerfa kr. 53,4 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2020.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.